

VISIR

DAGBLAÐ

Útgefandi:
BLAÐAÚTGÁFAN VISIR H.F.Ráðgjafi: Kristján Guðlaugsson
Skrifst.: Félagsprentsmiðjunni
Afgreiðsla: Hverfisgötu 12
(Gengið inn frá Ingólfsstræti)

Símar 1 6 6 0 (5 línur).

Verð kr. 3,00 á mánuði.
Lausala 15 og 25 aurar.

Félagsprentsmiðjan h.f.

Mjólkin.

Ad undanförunu hefir allmikillir og réttmætrar gagnrýni gætt á framkvæmd mjólkursölulaganna, en þó hafa óánægjuraddir neytendanna aldrei verið háværari en nú. Er fullyrt, að mjólk og rjómi, sem nú er á boðstólum í mjólkurbúðum bæjarins sé í rauninni óboðleg vara, og hvortveggja sturt er það kemur í hendur neytenda eða þoli enga geyslu. Þar sem hér er um að ræða helztu nauðsynjavöru alls almennings, sjúkra sem heilbrigðra, gamalmenna sem barna, er hér sannarlega alvörumál á ferðum, sem taka verður fastari tókum en gert hefir verið.

Ad því er heilsufar varðar, er það fyrir mestu, að mjólk, sem seld er til neytenda, sé þannig meðfarin, að ekki sé hætt á að hún geti valdið heilsuförum, en svo sem kunnugt er má oft rekja til mjólkurinnar ýmsar farsóttir, er upp koma, og sumar mjög hættulegar fólki á öllum aldri. Er þetta út af fyrir sig stórlega varhuga-vert, og ástæða til að gefa nánari gætur. En þótt ekki sé þessu til að dreifa, verður að líta svo á, að það ætti að vera sameiginlegt hugðarefni og keppikefli framleiðenda og neytenda, að mjólk sé unnin á þann hátt, að hún sé sem ágætust og fullkomin neyzluvara, en ekki hugað að því einu, að koma henni á markað án þess að hirt sé um, hvort hún er boðleg vara eða ekki.

Ýmsar ástæður hafa verið færðar fram til afhötnunar og skýringar á því, hvernig á því standi, að mjólk sé jafn léleg vara og raun er á. Er þar fyrst til talið, að óvenjumikil mjólkurneyzla sé í bænum, og verði því að sækja mjólkina langt að, ennfremur að viðhaldi á mjólkurbúðunum sé mjög ábótavant, og að síðustu að mjólkurstöðin í Reykjavík hafi verið ill nothæf fyrir fimm árum, og megi þá nærri geta, hvort hún geti sinnt verkefnum sínum nú svo sem vera ber. Einn af lærdustu og varfærnustu sérfræðingum á þessu sviði, hefir ennfremur vakið athygli á, að hagsmunaneytenda í Reykjavík virðist ekki nægilegt gætt í mjólkursöluferðum, eins og hún er skipuð nú, og er þar um áskömun að ræða, sem áreiðanlega á fullan rétt á sér, og mun verða rædd síðar, er nánari upplýsingar eru fyrir hendi.

En aðalatriði þessa máls er ekki það út af fyrir sig, að deila á og rekja vanrækslusyndirnar, heldur hitt að bæta úr þeim. Er þess að venta, að þeir aðilar, sem um mál þessi fjalla, geri sitt til að ráða bót á þeim mistökum um meðferð mjólkurinnar, sem orðið hafa, og sýni að þeir hafi fullan vilja á að láta neytendum í té boðlega vöru. Misbrestur hefir orðið á einnig í þessu efni, og verði ekki vart hugarfarsbreytingar hjá þessum mönnum, verða þeir að vikja og aðrir að koma í þeirra stað, sem ríkari skilning hafa á rétti og þörfum neytenda.

Anglia: Ágætur fyrirlestur Arna frá Múla um Bretland.

FYRSTI fundur Angliu var haldinn í gærkvöldi í Odd-fellowhúsinu og var þar fjölmenni mikið samankomið. Er varaformaður félagsins, Mr. F. M. Shephard, hafði sett fundinn og boðið gesti velkomna, hóf Árni Jónsson frá Múla fyrirlestur um England, eins og það kom honum fyrir sjónir.

Talaði hann um það fernt, sem mesta athygli hans og aðdáun vakti í Englandsförinni í sumar.

Þar bæri fyrst að nefna hugrekkið og æðruleysið, svo að þegar á 4. hundrað manna voru bornir til grafar í Coventry, sást enginn syrgjendanna tárast. Þar var um æðruleysi að ræða, ekki tilfinningaleysi.

Næst minnst Arnar á málfrelsið og gagnrýnina, sem aldrei hefði staðið með meiri blóma, og skýrði frá spurningatíma í Neðri málstofunni því til sönnunar.

Þá kom Arnar að sigurvissunni, sem væri svo mikil, að Bretum kæmi alls ekki til hugar, að þeir gæti beðið ósigur.

Loks talaði Arnar um Churchill og þótt margt hafi verið áður um hann sagt og skrifað, komst Arnar þó svo að orði, að mönnum virtust þeir hafa séð betri mynd af Churchill en áður.

Var gerður ágætur rómur að fyrirlestri Arnar, en að honum loknum var dansað fram yfir miðnætti.

Bæjarbruni norðanlands.

Í gær brann bærin að Brenniás í Bárðardal til ósku.

Þegar kviknaði í var ekki á heimilinu annað fólk en tvö gamlalmenni og tólf ára barn. Gátu þau ekkert aðhafst nema bjargað nokkru af innbúinu.

Fólk af næsta bæ kom til hjálpar, en það var um seinan, því bærin var hrunnin, þegar fólkið kom á staðinn.

Dan Rogers II:

Bandaríkin smíða 25.000 flugvélar á þessu ári.

1942 verður framleiðslan 50.000 flugvélar.

Þegar Roosevelt forseti tilkynnti fyrir rúnum 15 mánuðum, að það væri markmiðið, að Bandaríkin framleiddu 50.000 flugvélar á ári, lögðu menn almennt ekki trúnað á, að það væri möglegt.

En það er nú sýnilegt, að þessu marki verður náð, því að hinar 32 verksmiðjur landsins vinna 24 tíma á sólarhring. Framleiðslan eykst með hverri viku sem líður. Í haust og vetur mun hún aukast með risastökkum, þegar þær verksmiðjur, sem nú eru í smíðum eða verið er að stækka, taka til starfa. Það eru meira að segja horfur á því, að hægt verði að framleiða öllu meira en 50.000 flugvélar í Bandaríkjunum.

Á rúmu ári hafa flugvélaframleiðendur varið 315 milljónum dollara til þess að auka verksmiðjurum sitt. Þarna er aðeins átt við þær verksmiðjur, sem framleiða flugvélar að öllu leyti — smíða hlutina í þær og setja þær saman — en ekki þær, sem eingöngu framleiða flugvélarhluti, án þess að vinna að samsetningu þeirra.

Forsætisráðherrann tilkynnir ráðstafanir í siðferðismálunum

Stofnun kvenlögreglu og hælis fyrir stúlkur, hættulegar vændiskonur teknar úr umferð.

Á fundi þeim, sem Stúdentafélag Reykjavíkur hélt í gær í háskólanum, skýrði Hermann Jónsson, forsætisráðherra frá því, að ríkisstjórnin væri nýbúin að semja frumvarp til laga um ráðstafanir vegna siðferðisvandamála.

Fjölmenni mikið var á fundinum, svo að kennslustofa sú, sem fyrst var notuð, nægði ekki og varð að flytja fundinn upp í hátíðasalinn. Umræður urðu allmiklar, er dr. Broddi Jóhannesson hafði lokið ræðu sinni, en hann talaði í meira en fimm stundarfjórðunga og kom víða við.

Á eftir Brodda tóku þessir fundarmenn til máls: Kristján Guðlaugsson, ritstjóri, Sigfús Halldórs frá Höfnum, Hermann Jónsson, forsætisráðherra, frá Guðrún Guðlaugsdóttir, frk. Laufey Valdímarsdóttir, próf. Guðbrandur Jónsson og Helgi Tryggvason, kennari. — Nokkrar tillögur komu fram, en samkvæmt munnlegri tillögu forsætisráðherra var samþykkt að gera engar ályktanir. — Fundinum var lokið laust fyrir kl. 12½.

Frumvarp það, sem forsætisráðherra ræddi um og fullgert var í gær og mun að líkindum verða gert að lögum næstu daga, er í stuttu máli á þessa leið:

Stúlkur innan 18 ára, sem hafa of náin afskipti af setuliðinu, verða teknar og settar á hæl.

Börn vændiskvenna og af heimilum, þar sem þau verða fyrir slíkum áhrifum, að fyrir-sjáanlegt er, að þau verða siðspillingunni að bráð, verða og tekin og sett á hæl.

Þá verða og þær vændiskonur teknar, sem reyna að hafa áhrif á ungar stúlkur í þá átt, að þær leggist í saurlifnað.

Þá er og ætlunin að koma á kvenlögreglu og yrði það hennar hlutverk að fást við þessi mál.

Hinsvegar munu ekki verða gerðar nánari ráðstafanir gagnvart kvenfólki yfir 18 ára, ef það reynir ekki að fá stúlkur innan þess aldurs til að fremja ólifnað.

Visi hefir ekki að svo komnu máli tekist að afla sér frekari upplýsinga um þetta mál, en það hafði kvisast, að ríkisstjórnin hefði á þróunum ráðagerðir um lausn þessara mála.

Hafði m. a. heyrzt, að ætlunin væri að taka Silungapoll til slíkrar notkunar og hafa hæl þar, en ekki veit blaðið sönnur á þessum orðrómi. Virðist og sem það mundi verða nokkur vandkvæðum bundið að hafa slíkt hæl þarna, þar sem setulið er allt umhverfis, en það mundi auðvitað torvelða allt eftirlit, sem hafa yrði.

Þá hefir blaðið og heyrst því

fleygt, að hælir fyrir vændiskonurnar, sem reyna að tæla unglingsstúlkur út í saurlifnaðinn, verði haft að Kleppjárnareykjum í Borgarfirði.

Það kom og í ljós á fundi þeim, sem getið er um hér að ofan, að konur eru margar því mjög andvigar, að komið sé upp hæl fyrir afvegaleiddar stúlkur. Telja þær að það muni brennimerkja þær til æviloka, svo að þær geti ekki átt uppreisnar von í augum almennings og það geti þeim lífið óbærilegt.

Þessi mál krefjast þess, að þeim sé tekið með festu, en þó með varfærni. Mun það koma í ljós, þegar lögin verða birt, hvort þau sé þannig úr garði gerð, að þau ná tilgangi sínum að öllu leyti eða aðeins nokkuru.

Hækkun barnsmeðlaga.

Félagsmálaráðherra hefir auglýst — samkvæmt lögum frá síðasta þingi — hækkun á barnsmeðlögum, og var leitað tillagna sýslunefndar og bæjarstjórna um það fyrst.

Í Reykjavík hækka meðlög með börnum til 4 ára aldurs um 276 kr. á ári.

Í kaupstöðunum Hafnarfirði, Ísafirði, Siglufirði og í Vestmannaeyjum hækka meðlag barna á sama aldri um 225 kr.

þunga. Þar má nefna flugvél landhersins, sem nefnd er B-26 og flugvél flotans „PBM“ — eftirlitssprengjuflugvél. Þessar flugvélar eru báðar útbúnar ágætlega, bæði til sóknar og varnar.

Þótt B-26 sé „sambland“ af orustuflugvél og sprengjuflugvél — sé búin mörgum kostum beggja — er hún miklu hraðfleygari en eltingaflugvélar þær, sem notaðar eru í Evrópu. Samt vegur hún 26.625 pund, hefir 5 manna áhöfn, er brynvarin og hefir margar vélbyssur, svo að hvergi er snöggur blettur. Og Martin-flugvél, sem auðkennd er með tölunni 187, og er byggð með loftárásir frá Englandi á meginlandið fyrir augum, er enn hraðfleygari og betur vopnuð, enda þótt hún geti ekki flogið eins langt, eða borið eins mikið sprengjumagn.

B-26 er þegar framleidd í stórum stíl í nokkru verk-smiðjum og verður síðar smíðuð í nýjum verk-smiðjum. Afhending fyrstu Martin-187-vélanna fór fram í júlí og kalla Bretar þær Baltimore.

Liberator-sprengjuflugvélar — fjórhreyfla bákn frá Consolidated — bera fjórar smál af sprengjum 3000 milna vegalengd með 300 milna hraða á klukkustund. Þessa tegund sprengjuflugvéla áttal Henry Ford og fleiri að smíða, og verk-smiðja Fords á að framleiða 205

á mánuði næsta vor.

Þá er heldur ekki slegið slöku við framleiðslu minnstu og hættulegustu sprengjuflugvéla — steypi-flugvéla, sem ameríski flotinn gerði fyrst til-raunir með og Þjóðverjar hafa gert frægar undir nafninu „Stuka“. Í Curtiss-Wright-verksmiðjunum í Buffalo eru nú framleiddar fyrir flotann steypiflugvélar, sem standa öllum öðrum langt fram. Er það tilkynnt, að hraði þessarar flugvélar sé 100 milum (160 km.) meiri en nokkurrar annar steypiflugvélar. Hún ber 2000 pund af sprengjum, samanborið við 500 punda burðarmagn Stuka-vélarinnar, getur flogið helmingi lengra og verið á flugi 4½ klst. lengur.

Nákvæmar tölur um afköst vélarinnar eru ekki gefnar upp, en það er talið að hún steypi sér niður með a. m. k. 1000 km. hraða. Á þeim hraða yrði algerlega ómögulegt að hafa hana.

En hvað um orustuflugvélar amerísku, sem sumar hverjar hafa fengið harða dóma í Evrópu fyrir afköst og útbúnað? eru þær þegar úreltar, eins og sumir gagnrýnendur segja?

Það er alveg rétt, að þær amerískar flugvélar, sem fyrst voru sendar til Bretlands höfðu ekki nógu margar byssur, né nægilegar brynvarnir. Nú er búið að bæta úr þessu. Í öllum

Forstöðukona Hús-mæðraskólans ráðin.

Skólinn tekur til starfa upp úr áramótunum.

BÚÐ er að ráða forstöðukonu Hús-mæðraskólans í Rvík, svo og handavinnukennara hans að því er frá Ragnhildur Pétursdóttir tjáði blaðinu í morgun, en hún er formaður skólaneft-arinnar.

Það er frá Hulda Stefánsdóttir á Þingeyrum, Stefáns Stefáns-sonar skólameistara, sem verður forstöðukona skólans, en handavinnuna mun frá Ólög Blöndal frá Siglufirði keppna.

Ennþá hefir ekki verið hægt að ráða fleiri kennslukonur að skólanum, því að hörgull er mikill á þeim.

Um þessar mundir er unnið að því af kappi, að breyta húsi því, Sólvalldagötu 12, sem var voru kaup á. Er ekki gert ráð fyrir, að breytingum verði lokið fyrir en um áramót og taki skólinn til starfa upp úr því.

Gert er ráð fyrir, að hægt verði að hafa þarna heimavist fyrir 24 konur, en auk þess er það von framkvæmdanefndar skólamálsins, að einnig verði hægt að hafa heimangöngu-skóla, en það mun ráða nokkuru um þetta, hversu vel gengur að fá kennslukonur. Framboð þeirra er því miður ekki svo mikið, að hægt sé að velja og hafna.

á ári, Akureyri um 190 kr. og í Neskaupstað og Seyðisfirði um 170 kr.

Víðast hvar í kaupþunum og sveitum hækka meðlög barna á þessum aldri um 145 kr. á ári.

Meðlög barna í öðrum aldersflokkum hækka hlutfallslega við þetta.

helztu orustuflugvélunum eru nú brynvarnir bæði fyrir aftan og framan sæti flugmannsins. Byssum hefir einnig verið fjöl-guð, svo að nú er til í Bandaríkjunum orustuflugvél — Airacobra — sem Bretar vilja minna vopnaða, en hún er framleidd fyrir Bandaríkjaherinn.

Þessi orustuflugvél, sem er framleidd hjá Bell-flugvéla-verksmiðjunum, er útbúin með 37 mm. fallbyssu, tveim þungum vélbyssum og fjórum léttrum vélbyssum, þegar hún er smíðuð fyrir ameríska herinn. En þegar flugvélar eru ætlaðar Bretum, er fallbyssan aðeins höfð með 20 mm. hlaupvídd.

Hin brezka útgáfa P-40-orustuflugvélarinnar, sem Bretar kalla Tomahawk, berst nú daglega við austanvert Miðjarðarhaf og hlýtur fyrir hrósrýði brezku flugmannanna. Þessi Curtiss-flugvél er framúrskarandi góð, en er þó engan veginn síðasta eða bezta flugvél Curtiss-félagsins. Hún er ætluð flugher Bandaríkja og er allt sem henni viðkemur leyndarmál, enda þótt blaðamönnum hafi verið boðið að horfa á reynsluflug í henni.

NÆSTA GREIN:

Hvað líður framleiðslu skrið-dreka, brynvarðra bíla og annarra tekjia til landheranna? Frá því verður skýrt í næstu grein.